

L Ö G

18

21. febr.

um breyting á lögum nr. 31 4. febr. 1952, um skipun prestakalla.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað „40.“ (Vestmannaeyjar) í tölusetningu prestakalla í 1. gr. laganna kemur: 40.—41. (Síðari töluliðir í lagagreininni breytast samkv. því.)

2. gr.

Á eftir 5. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi (og breytist greinatala samkvæmt því):

Biskupi er heimilt að ráða prestvígðan mann til þess að gegna prestsþjónustu um stundarsakir í þeim prestaköllum, þar sem prestur er veikur eða kallið er prestlaust af öðrum ástæðum.

Ráðningartími skal vera allt að 3 árum í senn.

Prestur þessi skal hafa sömu laun og sóknarprestur, en ferðakostnaður hans milli prestakalla skal greiddur úr ríkissjóði svo og húsaleiga þar, sem hann er settur til þjónustu, enda fái hann ekki afnot af embættisbústað prestakallsins, hvort tveggja samkvæmt reikningi, er ráðherra úrskurðar.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 21. febrúar 1956.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Steingrímur Steinþórsson.

FORSETABRÉF

19

28. febr.

um breyting á forsetabréfi nr. 114 31. des. 1945, um starfsháttu orðunefndar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Að ég samkvæmt tillögu forsætisráðherra fellst á að gera eftirfarandi breytingu á forsetabréfi nr. 114 31. des. 1945, um starfsháttu orðunefndar:

4. gr. nefnds forsetabréfs orðist svo:

Stórmeistari getur veitt allt að tuttugu og fimm Íslendingum fálkaorðuna ár hvert samkvæmt tillögu orðunefndar. Enn fremur getur stórmeistari að tillögu orðunefndar sæmt allt að fimmtán menn, er hlotið hafa heiðursmerkið áður, æðra stigi þess.